



Ungir
Umhverfissinnar



Reykjavík 20. maí 2025

Umsögn vegna skýrslu starfshóps um lagaumgjörð hvalveiða

Skýrsla starfshóps um lagaumgjörð hvalveiða er ítarleg og inniheldur mikilvægar upplýsingar um málefni hvalveiða frá ýmsum sjónarhornum. Það er hins vegar skoðun undirritaðra að skýrsluna skortir skýra framtíðarsýn sem byggir á náttúruvernd, sjálfbærri þróun og virðingu fyrir lífríki hafsins. Eina rétta leiðin er að banna hvalveiðar alfarið og senda þar með skýr skilaboð um breytta stefnu í takt við áskoranir samtímans og framtíðar.

Það er óásættanlegt að samkvæmt núgildandi lögum virðist atvinnufrelsi vega þyngra en siðferðileg og vistfræðileg sjónarmið. Þetta er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að ekki er hægt að stunda hvalveiðar án þess að brjóta gegn lögum um velferð dýra, auk þess sem þær valda afdrifaríkum áhrifum á vistkerfi hafsins.

Hvalir eru langlíf, greind og félagsleg dýr, og veiðiaðferðir Hvals hf. valda þeim miklum og langvarandi þjáningum sem hvorki samræmast dýravelferðarlögum né viðteknum siðferðisviðmiðum.

Í skýrslunni vantar ítarlega og markvissa greiningu á siðferðilegum álitamálum í tengslum við hvalveiðar, því hvað eru lög annað en endurspeglun siðferðilegs gildismats samfélags á hverjum tíma. Ímynd Íslands sem náttúruvæn þjóð stendur og fellur með því hvernig við komum fram við aðrar lífverur og náttúruna sjálfa. Brýnt er að horfa til langtímahagsmuna samfélagsins, ekki

aðeins með tilliti til atvinnusköpunar, heldur einnig með hliðsjón af líffræðilegum fjölbreytileika, tækifærum til sjálfbærrar atvinnu í gegnum náttúruvernd og hvalaskoðun, sem og skuldbindingum Íslands á sviði loftslags- og umhverfismála.

Vernd náttúru og vistkerfa

Hvalir gegna lykilhlutverki í vistkerfi hafsins, meðal annars með því að viðhalda næringarhringrás sem styður við framleiðni og jafnvægi sjávarlífs. veiðar á stórhvelum ógna þessu mikilvæga hlutverki og grafa undan líffræðilegri fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa. Samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd villtra dýra og búsvæða þeirra ber stjórnvöldum skylda til að grípa til aðgerða þegar hætta steðjar að náttúrulegum stofnum og búsvæðum þeirra. Við leggjum til að sérstök lög um hval- og selveiðar verði felld úr gildi og þessar veiðar færðar undir almenna löggjöf um dýravelferð og villt dýr. Það myndi tryggja samræmda stjórnsýslu og vernd allra villtra spendýra. Með tilliti til þessara laga, og í ljósi stöðu hvala í vistkerfinu, er brýnt og réttlæt看legt að setja varanlegt bann við hvalveiðum til að tryggja langtímavernd hvalastofna og stuðla að sjálfbæru og heilbrigðu hafi.

Alþjóðaskuldbindingar, orðspor og viðskiptahagsmunir

Að auki hefur Ísland skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að standa vörð um hvali, meðal annars með þátttöku í Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC). Þrátt fyrir undanþágur frá veiðibanni hefur viðvarandi veiðistefna grafið undan trúverðugleika Íslands sem aðila að alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd. Þetta hefur jafnframt haft neikvæð áhrif á orðspor landsins erlendis og dregið úr trausti til Íslands sem áfangastaðar sem tekur náttúruvernd og dýravelferð alvarlega. Með því að leggja niður hvalveiðar getur Ísland tekið raunverulegt frumkvæði, sýnt ábyrgð og fest sig í sessi sem leiðandi afl í loftslags- og dýravelferðarmálum.

Viðhorf almennings og lög um velferð dýra

Þá ber einnig að horfa til vilja þjóðarinnar. Könnun eftir könnun sýnir að íslenskur almenningur hafnar hvalveiðum og lýsir sig fylgjandi friðun hvala. Þetta endurspeglar breytt siðferðilegt viðhorf, þar sem aukin áhersla er lögð á vernd dýra, náttúru og framtíðarsýn sem samræmist sjálfbærri þróun. Hvalveiðar brjóta gegn grunngildum dýravelferðarlaga nr. 55/2013, sem banna að valda dýrum óþarfa þjáningu. Þar sem hvaladráp felur oft í sér mikla og langvarandi kvöl og þar sem tilgangurinn er hvorki lífsnauðsynlegur né ómissandi fyrir samfélagið, er ljóst að slíkar veiðar standast hvorki lög né siðferðilegar kröfur samtímans.

Rannsóknir sýna einnig að hvalir gegna lykilhlutverki í loftslagskerfinu með því að stuðla að bindingu koltvísýrings og viðhalda vexti plöntusvífs. Þegar hvalur lifir og deyr náttúrulega stuðlar hann að kolefnisbindingu, en þegar hann er drepinn með veiðum, fer kolefnið út í andrúmsloftið. Hvalir eru því ekki aðeins verndunarinnar virði fyrir líffræðilega fjölbreytni, heldur eru þeir einnig mikilvægar náttúrulegar lausnir í baráttunni gegn loftslagsvánni.

Framtíðarstefna á að byggja á vísindalegum gögnum og vilja almennings

Með því að banna hvalveiðar til frambúðar getur Ísland tekið afgerandi skref í átt að ábyrgri umhverfisstefnu sem grundvallast á vísindalegum gögnum, siðferðilegum grunni og vilja þjóðarinnar. Þetta er tækifæri til að endurskilgreina stöðu Íslands sem náttúruvænt samfélag og senda skýr skilaboð um þá framtíðarsýn sem við viljum standa fyrir.

Í stað þess að líta á hvalveiðar fyrst og fremst sem atvinnugrein, ætti markmiðið að vera að móta stefnu sem endurspeglar viðhorf almennings og alþjóðasamfélagsins, þar sem dýravelferð, vernd villtra dýra og sjálfbær þróun eru í forgrunni. Skýrslan hefði mátt gefa þessum sjónarmiðum aukið vægi.

Við viljum einnig vekja athygli á sameiginlegri [umsögn](#) okkar sem send var starfshópnum í febrúar síðastliðnum. Þar er afstaða okkar rökstudd enn frekar.

Við hvetjum stjórnvöld eindregið til að taka afstöðu með náttúrunni, dýrunum, og komandi kynslóðum og setja vernd hvala í forgrunn stefnumótunar.

Alfarið bann á hvalveiðum væri skref í átt að ábyrgri og sjálfbærri framtíð í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Við stöndum reiðubúin til samstarfs og frekari ráðgjafar í þessu mikilvæga máli.

Undirrituð

Hvalavinir

Landvernd

Samtök um dýravelferð á Íslandi

Ungir umhverfissinnar

Sustainable Ocean Alliance á Íslandi